

SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf.

1. gr.

Markmið siðareglanna

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. vilja sýna af sér við öll sín störf.

Með kjörnum fulltrúum er átt við kjörna aðal- og varafulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. sem eigendur skipa í stjórn fyrirtækisins.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna fyrirtækisins.

Fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur um góða starfshætti í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för.

Fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. móta stefnu og hafa eftirlit með rekstri Faxaflóahafna sf. sem m.a. byggist á lögum, sameignarsamningi eigenda Faxaflóahafna sf. og starfsreglum stjórnar frá 5. júlí 2005. Kjörnir fulltrúar gæta þess að framkvæmd stjórnarsýslu og rekstrar Faxaflóahafna sf. sé ávallt eins og best verður á kosið.

Fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á fjármunum félagsins. Fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. forðast að aðhafast nokkuð það sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða sem varpað getur rýrð á störf þeirra, fyrirtækið eða eigendur þess.

Fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. kappkosta um að upplýsa eigendur, viðskiptavinir fyrirtækisins og aðra þá sem hagsmuna hafa að gæta um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á störfum sínum.

3. gr.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða eðlilega verkaskiptingu stjórnar, eigenda og starfsmanna. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa í stjórn fyrirtækisins virðingu.

Kjörnir fulltrúar virða aðgerðir í þágu eðlilegs eftirlits endurskoðenda og eigenda og leggja sitt af mörkum til að slíkt eftirlit nái markmiðum sínum.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar

Fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hættu er á slíkum árekstrum. Á þetta einnig við ef þær breytingar verða á högum kjörins fulltrúa, að valdið gætu slíkum hagsmunaárekstrum.

Um mat á hæfi við afgreiðslu einstakra mála og málsmeðferð í því sambandi fer eftir almennum hæfisreglum og starfsreglum stjórnar.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum í stjórn Faxaflóahafna sf. lýkur.

Fulltrúi í stjórn Faxaflóahafna sf. upplýsir um fjárhagsleg hagsmunatengsl eða önnur slík tengsl sem valdið geta hagsmunaárekstrum. Eyðublað endurskoðenda fyrirtækisins þjónar þessu hlutverki.

5. gr.

Gjafir og fríðindi

Fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu Faxaflóahafna sf. nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. þiggja ekki gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

6. gr.

Trúnaður

Fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna, hagsmuna viðskiptavina Faxaflóahafna sf. eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að fulltrúar láta af störfum í stjórn Faxaflóahafna sf.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögætum og málefnalegum rökum.

7. gr.

Stöðuveitingar


Kjörnir fulltrúar gæta þess að við ráðningu starfsfólks hjá fyrirtækinu sé í hvívetna málefnalegar forsendur, jafnræði og jafnrétti, lagðar til grundvallar vali á starfsfólki.


8. gr.


Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa og almennings


Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar öllum og birtar á heimasíðu fyrirtækisins.

Reykjavík, 13. mars 2015













Sigríður Eiríksdóttir



Þjórgunnur Huldgar


Þjórgunnur Huldgar


Þjórgunnur Huldgar


Þjórgunnur Huldgar